

Stytta af Agli Thorarensen afhjúpuð í miðbæ Selfoss



Nánar á bls. 7

Margt var um manninn í miðbæ Selfoss þann 16. júní, þegar stytta af Agli Thorarensen, frumkvöðli og kaupfélagsstjóra, var afhjúpuð. Það voru afkomendur Egils sem afhjúpuðu styttuna, þau Grímur Arnarson langafabarn, Aníta Ósk Ægisdóttir, Elisabet Sara Ægisdóttir, Grímur Örn Ægisson, Aldís Orka Arnardóttir og Írena Dröfn Arnardóttir, barnabarnabörn Egils. Halla Gunnarsdóttir, myndhöggvari sá um stytusmiðina og stóð áhugamannafélagið Stytubandið fyrir uppsetningu stytunnar. Nánar er hægt að lesa um styttaafhjúpunina á bls. 7. Mynd: Dagskráin/HGL



Bragi Bjarnason, forseti bæjarstjórnar, og Guðmundur Marías Jenson, formaður SVFS, við Ölfusá sl. þriðjudagsmorgun. Mynd: Dagskráin/HGL

Veiði hafin í Ölfusá

Ölfusá fyrir landi Selfoss var opnuð af félagsmönnum Stangveiðifélags Selfoss á þriðjudagsmorgun 21. júní.

Hefð er fyrir því að bæjarstjórn Árborgar skipi þann aðila sem opnar ána og í ár var það Bragi Bjarnason, forseti bæjarstjórnar Árborgar sem tók fyrsta kastið klukkan sjö, undir leiðsögn Guðmundar

Maríasar Jensonar, formanns félagsins. Það beit þó ekki á hjá Braga og veiddist ekkert fyrir hádegi á fyrsta degi. „Núna hef ég verið formaður í 12 ár og hef aldrei opnað ána með sömu manneskjunn, mér finnst það dálítið skemmtilegt,“ Segir Guðmundur glaður í bragði. Í fyrra veiddust í Ölfusá 124 laxar og 48 sjóbirtingar.

Grímuskylda á HSU

Vegna aukins fjölda Kórónuveirusmita í samfélaginu, sendi forstjóri HSU, Dána Óskarsdóttir frá sér tilkynningu þar sem hún greindi frá því að nauðsynlegt væri að bregðast við þessari aukningu en daglega greinast um 200 ný smit hérlandis.

Frá og með 18. júní sl. skulu starfsmenn og gestir bera grímur á starfsstöðvum HSU ásamt því að heimsóknartími hefur verið takmarkaður við einn grímuklæddan gest til hvers sjúklings.



Mynd: Dagskráin/HGL

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Hrossabændur - hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.

HÆKKAÐ VERÐ**Í haust munu verða langir biðlistar
forðumst þá****Sláturpantanir í síma 480 4100.****Sláturfélag Suðurlands
Selfossi****HARPA**
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204Brynja Gunnarsdóttir
821 2045**Lausar lóðir til úthlutanir í
Rangárþingi eystra**

Rangárþing eystra auglýsir hér með eftirfarandi lóðir á Hvolsvelli og Ytri-Skógum, lausar til úthlutunar.

Hallgerðartún, Hvolsvelli: 5 lóðir undir einbýlishús, 6 lóðir undir parhús og 2 lóðir undir 3ja íbúða raðhús.
Hvolstún 21, Hvolsvelli: 1 lóð undir einbýlishús
Vistarvegur 2-4, Ytri-Skógum: 1 lóð undir parhús
Vistarvegur 3, Ytri-Skógum: 1 lóð undir einbýlishús
Ormsvöllur 11 undir iðnaðar- og athafnastarfsemi.Umsóknareyðublað, nánari upplýsingar um lóðirnar og skipulagsskilmála má nálgast á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, bygg@hvolsvollur.isVið úthlutun lóðanna verður farið eftir úthlutunarreglum lóða í Rangárþingi eystra. Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2022. Umsóknum skal skilað rafrænt í gengum heimasíðu sveitarfélagsins www.hvolsvollur.is.F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi**Afmælisár Bárunnar, stéttarfélags**

Báran, stéttarfélag var stofnað 25. júní 2002. Þar með lauk sameinginunni þriggja félaga á svæðinu. Verkalýðsfélagið Þór Selfossi, Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarmi á Stokkseyri og Verkalýðs- og sjómannafélagið Báran á Eyrarbakka. Áður hafði bíl-stjórðingur Ökuþór sameinast Verkalýðsfélaginu Þór. Báran, stéttarfélag telur 20 ár í þeirri mynd sem nú er. Við sameininguna varð félagið stærsta stéttarfélagið á Suðurlandi og þótti vel við hæfi að nafn félagsins yrði Báran, stéttarfélag. Báran á Eyrarbakka var stofnað í febrúar 1903 og var með fyrstu stéttarfélagunum á landinu og elsta félagið sem átti aðild að þessari sameiningu. Félagið nær aftur til 1903 og telur það 119 ár.

Fyrsti formaður hins nýja félags Bárán, stéttarfélag var Kristján Jónsson. Félagssvæðið er Árnessýsla (Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes og Grafningshreppur) utan Ölfuss. Félagið er eitt af 19 félögum innan Starfsgreinasambands Íslands, er aðili að Sjómannasambandi Íslands og eitt af aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands. Félagsmenn starfa í ýmsum starfsstéttum matvælaíðnaði, byggingariðnaði, umönnun, ferðaþjónustu, iðnaðarframleiðslu og svo framvegis. Í takti við uppsveifluna í atvinnulífinu á síðustu árum og fjölgun erlends vinnuafis hefur Báran vaxið og dafnað undanfarnar ár með tilkomu ferðaþjónustunnar. Kynjahlutaföll félagsins eru nokkuð jöfn en það var ekki fyrr en árið 1958 sem samþykkt var að konur gætu gengið í félagið. Síðan hafa þrjár konur gegnt formennsku í félaginu. Ingiþjörg Sigtryggsdóttir var fyrsta konan sem gegndi formennsku í félaginu. Hún var kosin formaður Verkalýðsfélagsins Þórs 1982. Helsta hlutverk félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna.

Semja um kaup og kjör, bættan aðbúnað við vinnu og gæta þess að ekki sé gengið á rétt félagsmanna. Vinna að fræðslu, menningarmálum og sameina alla starfandi launamenn á svæðinu. Daglegur þáttur í starfsemi félagsins er m.a. túlkun og gerð kjarasamninga, útreikningur launakrafna, útleiga orlofshúsa, afgreiðsla styrkja og dagpeninga og skólakynningar.

Vinnustaðaeftirlit er stór þáttur í starfsemi félagsins. Lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum tóku gildi í maí 2010. Félagið hefur frá upphafi haldið úti vinnustaðaeftirlitsfulltrúum í samvinnu við önnur félög. Fulltrúar félagsins fara á vinnustaði, fylgja eftir kjarasamningsbundnum réttinum, fara yfir réttindi, skyldur og starfsemi félaganna. Er þetta nauðsynlegur þáttur í starfsemi félaganna og góð leið til þess að nálgast þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þekkja lítið til kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Skrifstofa félagsins er að Austurvegi 56 Selfossi. Þrjú stéttarfélög reka og eiga saman Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi (ÞSS) (VR, FIT og Báran, stéttarfélag). Auk þess er Virk starfsendurhæfing og Festa lífeyrissjóður á sama stað. Félagið hefur lagt ríka áherslu á samvinnu við önnur stéttarfélög.

Félagið er aðili að fjórum menntasjóðum. Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt. Allt eru þetta öflugir sjóðir sem reyna eftir fremsta megni að hvetja og styrkja félagsmenn til náms og námskeiða. Sjúkrasjóður félagsins greiðir annars vegar dagpeninga vegna veikinda og hins vegar styrki sem samræmist stefnu félagsins í forvörnum. Sjúkrasjóður félagsins er einnig með íbúð í Reykjavík í þeim tilgangi að aðstoða þá sem þurfa vegna veikinda að dvelja í Reykjavík. Orlofssjóður er með fjögur glæsileg orlofshús og eina orlofsíbúð. Markmiðið með orlofssjóði er að leiga félagsmönnum orlofs-



hús á sanngjörnu verði. falleg og vel útbúin hús þar sem engu er tilsparað. Vinnudeilusjóður hefur það hlutverk að greiða út dagpeninga til félagsmanna sem verða tekjulausir í verkfalli. Trúnaðarmenn félagsins eru hryggjarstykkid í starfsemi félagsins og hafa lagt sig fram í baráttunni um brauðið. Trúnaðarmenn eru ósérhlífir hópur sem er ómetanlegt í þeirri baráttu sem fram fer.

Stjórn félagsins skipa 7 aðalmenn og 3 til vara. Halldóra Sigr. Sveinsdóttir hefur gengt formennsku í félaginu frá 2010. Örn Bragi Tryggvason er varaformaður. Meðstjórnendur eru Magnús Ragnar Magnússon, Ragnhildur Eiríksdóttir, Jón Þröstur Jóhannesson, Ingvar Garðarsson og Helga Flosadóttir. Til vara eru K. Hjalti Tómasson, Hildur Guðjónsdóttir og Sylwia Konieczna. Hjálta Tómasson, Þórarinn Smári Thorlacius, Þór Hreinsson og er formaður félagsins einnig starfandi á skrifstofu.

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim sem komið hafa með einhverjum hætti að starfsemi félagsins og óskar félagsmönnum til hamingju með 20 ára afmælið.

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir
formaður félagsins.**Nytjagámurinn - Listsýning á Laugarvatni**

Crust Bucket Collective byggir á samstarfi tveggja listkvenna frá Bandaríkjunum og skipuleggur nú sýningu og opið hús í samstarfi við aðra listamenn Gullkistunnar og Gullkistuna.

Listamennirnir eru Maryalice Carroll (USA), Salli Kari (Finnland), Verena Romanens (Sviss), Tiffany Sutton (USA), Juliette Walker (USA), og Eveline Ypma (Holland).

Föstudaginn 24. júní kl. 14-18 - Myndlistsýning í nytjagámnum á gámasvæðinu, Lindarskógum 12 á Laugarvatni. Kl. 20 - Listamannaspjall á Gullkistunni, Dalbraut 1 á Laugarvatni.

Í boði verða hljóðverk, teikningar, ljósmyndir, ljósmyndir góðfúslega teknar af nokkrum íbúum Laugarvatns sem hafa tekið þátt í þar til gerðu verkefni Crust Bucket Collective.

Með því að nota gám á sörp-

hirðusvæði sem sýningarstað vilja þátttakendur sýna áhuga sinn á því að list á heima allstaðar, að efni, hugmyndir og staðir fyrir list eru allt í kringum okkur. Allir velkomnir.



LAUGARDAGS OPNUNAR TILBOÐ

25. júní á Selfossi

Við bætum þjónustuna á Selfossi með því að hafa opið á laugardögum milli klukkan 10:00 og 14:00.

Af því tilefni verða ýmis tilboð í verslun Fóðurblöndunnar á Selfossi, Austurvegi 64a, laugardaginn 25. júní.

Komdu og kíktu á
úrvalið hjá okkur.

Settu nafnið þitt í
pottinn og þú gætir unnið
glæsilegan vinning.

Dregið 27. júní.



Hugleiðing um Árstíðirnar.

Frá blautu barnsbeini er okkur kennt að árstíðirnar séu fjórar: Sumar, vetur, vor og haust. Álit fólks á því hver þessara árstíða sé best eða þægilegust er afar persónubundið og ræðst oftast af: aðstæðum viðkomandi, búsetu eða áhugamálum. Oft eru þó hjá okkur Klakabúum býsna óljós skil milli árstíðanna fjögurra. Er e.t.v. komið sumar þegar frostdagar hafa kvatt eða þegar úlpan má hengjast til geymslu og hægt er að taka upp léttari klæðnað. Einnhverjir munu þó ganga í sömu yfirhöfninni allan ársins hring, en renna rennilásnum mishátt á úlpunni eftir hitastigi sem sjaldnast er svo hátt að hægt sé að dveljast utandyra yfirhafnarlaus. Er sumarið ef til vill komið þegar ökkumönnum er skylt að hafa dekkjaskipti á bílum sínum 15. apríl og söngur hvítleiðra nagladekkja hljóðnar? Er sumarið komið þegar almanakið sýnir að handan við hornið er sumardagurinn fyrsti, seinni-partinn í aprílmánuði þrátt fyrir að enn sé líkur á norðanhreti með hitastigi undir frostmarki og ýmsir krankleikar sækja enn að mannfólki? Eða verður hver og einn að ákveða fyrir sig hvenær honum hentar að taka á móti sumri: draga heim hjólhýsið eða fellihýsið úr vetrargeymslu, strauja stuttbuxurnar, gera klárt fyrir útilegu og eða ákveða hvort verja skuli langþráðu sumarfrí heima á klakanum eða erlendis? Klakabrynjufélag útígangshrossin reisa hrímaðan makkann þegar þau skynja að veðurbæting er væntanleg og gras fer að grænka eftir að þau hafa neyðst til að naga ískaldan svörðin lengst af vetri. Sumarið gerir einnig utanhúsvinnandi fólki lífið bæri-legra með þolanlegu hitastigi og hægum vindi í stað þess að fólki þurfi að norpa hnípið og veðurbarið undir vegg. Á miðju sumri er síðan þjóðhátíðardagur landsmanna 17. júní sem er flestum tilhlökkunarefni og ekki löngu síðar Verslunarmannahelgi sem er jú stærsta ferðahelgi ársins. Sumarið er tími gróandans. „Sumarið er tíminn“ syngur Bubbi í texta sínum.

Það er ekki alltaf augljóst hvenær haustið hefur innreið sína á Íslandi og veðrið gefur ekki endilega vísbendingu um að það sé gengið í garð. Tíðafar getur verið hið sama og var á nýliðnu sumri eða þá að veturinn

minnir snemma á sig með t.d. hríðarhaglanda í fáeina daga og smá skúffelsi fyrir mannfólk en, sumarið ströglar við að halda stöðu sinni og reynir að hrekja snemmbúinn vetrar undanfara aftur í biðstöðu. Ýmis merki sem tilheyra haustinu má þó sjá sem staðfestir að í raun sé yfir-taka haustsins runnin upp svo sem: oddaflug gæsa sem eru á leið úr landi til vetrardvalar, aðrir farfuglar safnast einnig rogginn í stóra hópa og búa sig til brottfarar af landinu, gróðurinn skiptir um lit og litrík lafin sem taka að falla af trjánum og sumarblómin drjúpa höfði. Jafnframt má sjá einstaka forsjála bílstjóra taka til handargagns vetrardekkinn frá því í vor og komast þannig hjá því að þurfa að norpa við hið óhjákvæmanlega sem dekkjaskipti í löngum biðröðum dekkjaverkstæða eru áður en veturinn læsir í þá klónum með illfærð og hálku. For-eldrar þyrpast að hausti í skóla-vörubúðirnar til kaupa á nauðsynlegu skóladóti fyrir börn sín fyrir komandi námsvetur og sjá má spennin og tilhlökkun á andlitum barnanna sem eru að leggja í langferð á hinum ýmsu námsstigum. Haustið er tími uppskeru.

Að liðnu hausti læðist veturinn lævis að með ýmsa krankleika og krefst: aðlögunar manna, dýra og gróðurs að því sem honum þóknast að bjóða uppá og hann læsir ófrávíkjanlega í okkur krumlunni hvort sem okkur líkar betur eða ver. Veturinn veldur oft usla af margvíslegum toga sem ekki tjái að malda í móinn yfir því þeir læðast að þrátt fyrir skúffelsi þeirra sem fyrir verða. Margir fagna þó vetri og í hugum sumra er veturinn uppáhalds árstíðin. Þá vaknar til lífsins á ný ýmis félagsstarfsemi sem legið hefur í láginni um sumarið sem á undan fór. Vetraríþróttir eru fjölbreyttar og flestir áhugasamir iðkendur vetraríþróttanna finna eitthvað við sitt hæfi að sísla við. Í hugum margra er veturinn árstíð árstíðanna og fagna þeir sömu ugglaut vetri sem þá læsir köldum krumlum í aðra kalvís seggi sem ekki deila með þeim áhugamálum. Fyrir suma er veturinn kvíðvænleg árstíð með oft: vályndum, dyntóttum veðrum, skúffelsi, margvíslegum pestum, og myrkvum stuttum dögum. Á miðjum vetri koma

þó jóln hvort sem mannfólkið er: hress og tilbúið, hvumpið, niðurdregið eða reynir vonlítið að malda í móinn og strögla við hið óhjákvæmlega stress sem fylgir jólum. Jóln er jú hátíð ljós og friðar eða þannig á það í það minnsta að vera og á eftir jólum kemur síðan nýtt ár sem oft gefur fyrirheit um betri tíð með hækandi vetrarsól, bættu heilsufari og glaðara geði. Veturinn er biðtími, bið eftir betri tíð og bjartari dögum.

Vorið er tíminn þegar: Ár, lækir og fossar losa sig úr klakaböndum og kristalstærta bergvatnið streymir fram á ný. Til vorsins eru ávalt væntingar um: bjartari sól á himni, að daginn taki að lengja á ný, að farfuglar hópist á varpstöðvarnar mislangt að komnir, að snemmsprottin litfögr blóm gægjist uppúr sverðinum, að brum birtist á trjánum og þá jarða þykkbæingar sínar útsæðiskar-töflur sem þeir síðan endurheimta í margfeldi að hausti. Með farfuglum koma líka erlendu ferðamennirnir, flestir með útbólgin veski eftir Covid-fár þar sem flestir ferðalagasjóðir bólgnuðu út af notkunarleysi, uppsafnaðri ferðabörf, þeim er þó ekki alltaf fagnað af heimamönnum sökum: fjölda, átroðnings og usla sem þeir geta valdið á ýmsum vinsælum stöðum sem flestum heimamönnum eru kærir Vill þá stundum hlaupa snurða á þráðinn án þess þó að nokkuð tjái að malda í móinn því taka verður illt með góðu. Á vori: fella hestarnir vetrarhárin, lömbin hefja sína stuttu lífs-göngu, kýrnar leika við hvurn sinn fingur, sjófuglinn sest að í björgum og hefur varp og vorboðinn ljúfi Lóan gerir vart við sig. Húfur og vettlingar taka á ný sitt pláss í fatageymslum fólks og reiðhjólnir eru dregin fram eftir vetrarhvíldina. Á vori kemur síðan næst stærsta hátíð kristinna manna og súkkulaði-framleiðenda Páskar. Vorið er tími sáningar.

Sumarið vekur allt til lífsins: Haustið kveikir söknuð, Veturinn veldur hvíða hjá mörgum, Vorið kemur þó með sól að morgni, en allt líf þarf að þraka með náttúruöflum allra árstíða.

Ómar V. Franklínsson
Selfossi.



Hjartans bestu þakkir fyrir áskorunina mín kára Sigga, ég mun gera mitt besta til þess verða okkur báðum til sóma. Þeir sem þekkja mig vel vita að ég elska að malla og bralla sitthvað í eldhúsinu en nota helst ekki uppskriftir og næ því sjaldan að gera sama réttin oft en einusinni. Önnur helsta ástæða þess er hversu erfitt ég á með að henda mat og legg mikið upp úr því að nota allt sem til er enda er matarsóun í þriðja sæti yfir það sem veldur mestri mengun í heiminum...3JA SÆTI KRAKKAR!!

Hin ástæðan er að fyrir mér er matreiðsla meira í ætt við hugleiðslu en húsvær og því er hver stund einstök, sem út-skýrir (lesist: afsakar) erfið-leika endurtekningsinnar. Í ljósi þessarar játningar verður ekki um beina uppskrift að ræða, heldur frekar tillögur að samsetningu sem hægt er að útfæra á margan hátt.

Mangó-salsa með hverju sem er
(Hér má nota kjöt, fisk, umpf eða bara hvað sem er - sjálf nota ég oftast kjúkling)

Hráefni:
Magn fer eftir matargestum og hlutföll eftir xx
Frosið mangó (vegna þess að ég þoli ekki að kaupa 4 mangó og aðeins eitt þeirra er í lagi)
Tómatar (litlir eða stórir – skiptir ekki máli)
Rauðlaukur
Lime (má vera lime vökví í flösku ef þið eigið svoliðis til)
Ferskur kóríander (hef líka notað ruccola, basiliku, eða jafnvel spínat ef ég á ekki kóríander)

Aðferð:
Skerið rauðlaukinn niður í litla bita og látið hann liggja í lime safanum í amk 30 mínútur – helst þannig að safinn fljóti aðeins yfir laukinn. Skerið tómataana niður í litla bita, brytjið kóríanderinn (eða það sem þið ætlið að nota) og skerið frosnu mangó bitana



Ingunn Jóns.
er Matgæðingurinn þessa viku

í helminga (kemur betur út – trúið mér..). Blandið þessu öllu saman og takið svo rauðlaukinn úr lime safanum og bætið við.

Með þessu er geggið að grilla eitthvað gómsætt og borða með.

Á eftir góðum mat er nauðsynlegt að hafa enn betri eftirrætti. Hér kemur einn sá einfaldasti austan heiðar. Og aftur er unnið með það sem til er... með smá keyptum viðbótum ef vill!

B.O.B.A Hráefni:
Kókosbollur
Ís (allar tegundir ganga)
Hnetur (hvaða hnetur sem er, en ágætt að brytja þær ef þær eru stórar)
Súkkulaði rúsínur
Bláber, jarðaber, sólber eða hvaða önnur ber sem til eru (fersk eða frosin)
Kókos flögur

Aðferð:
Setjið kókosbollur í botninn á eldföstu móti, skerið ísinn í sneiðar/bita og leggið yfir. Dreifið hnetum, berjum og súkkulaðirúsínum yfir og toppið svo með kókosflögum. Eða setjið bara hvað sem er undir ísinn og ofan á. Það er allt gott með ís.

Munið svo að njóta en ekki þjóta.

Í framhaldi af þessu langar mig að skora á nýja sveitastjórann minn hana Huldu Kristjánsdóttur í Forsæti að bjóða uppá einhverja dásemd.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Mjór er stundum mikils hann, á mörgum stofuklukkum fann. Lesinn fyrri á árum á, oft á lyngi finna má.

Svar við gátu í blaði 2653: **KVÍSL**
2. Lína: Tón**Kvísl** - 3. Lína: Hey**Kvísl**
4. Lína: (lítill) hluti / áin fellur í **Kvíslum**





Sími 482 1944
solfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



BYKO OG VÍKINGAMÓTTIN

BYKO og Víkingamóttin bjóða börnum undir 14 ára á Suðurlandi
fría þátttöku í BYKO Votmúlahringinn **3. júlí nk. kl. 11**

Við hvetjum fjölskyldur til að skrá sig og hjóla saman
þennan skemmtilega 12 km. hring.

Að lokinni hjólaferð verður boðið upp á grillaðar pylsur og
skemmtun við verslun BYKO á Selfossi.



Skannaðu kóðann
og skráðu barnið þitt!

Skoðaðu leiðina og allar upplýsingar á <https://www.vikingamot.is/kia-gull/>


**KIA GULL
HRINGURINN**
VÍKINGAMÓTTARÖÐIN

*SAMAN Í
60 ÁR* **BYKO**

Atvinna

Óska eftir dyravörðum/öryggisgæsla á Selfossi og Hveragerði

Vegna aukina verkefna vantar fólk í kvöld- og helgarvinnu.

Uppl. á uppognidur@uppognidur.is

PROJOB
SWEDISH WORKWEAR

Vendur og flottur vinnufélagur

Sjáum um allar merkingar

VIÐ GERUM ALLT MERKILEGT

Þú getur fengið: 6424, 3407, 6704, 6202, 5550

Þú getur fengið: FAGFORM

Þú getur fengið: 482-3266 tagform@tagform.is

Söfnin á Eyrarbakka



Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. **Sjóminjasafnið** hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í **Eggjaskúr**. Í litla alþýðuhúsinu **Kirkjubæ** er sýning um byltingartíma- na þegar rafhljóð kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.



Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.



Ópið alla daga í sumar frá kl. 11-18.
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is
www byggdasafn.is

BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

Nýr krabbameinslæknir innan HSU

Hlynur Níels Grímsson hefur hafið störf á HSU Selfossi.

Hlynur lauk sérfræðinámi í krabbameinslækningum frá Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi árið 2002. Hann lauk diplomanámi Norrænu líknarlækningasamtakanna í líknandi meðferð árið 2005. Að auki hefur hann lokið sérfræðinámi í heimilislækningum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins árið 2021.

Hlynur er ekki alveg ókunnugur á Selfossi því hann ólst upp hér fyrru 6 áviðrin. For-

eldrar Hlyns voru Grímur Jósafatsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri í Kaupfélaginu Höfn og Soffía Níelsdóttir, fyrrverandi hjúkrunarfræðingur á Sjúkrahúsi Selfoss.

Það er því afar ánægjulegt að fá Hlyn aftur á Selfoss og til starfa á HSU. Góð viðbót í öflugt og sívaxandi sérfræðiteymi HSU.

Við bjóðum Hlyn hjartanlega velkominn til starfa á HSU.

Heilbrigðisstofnun
Suðurlands



Gleði og glaumur í Hlöðunni

Það dregur til tíðinda í Fljóts- hlið sunnudaginn 26. júní, þegar fyrstu af fjórum tónleikum sumarsins verða haldnir í Hlöðunni að Kvoslæk klukkan 15:00. Á tónleikunum munu Margrét Stefánsdóttir söngkona, Jóhann I. Stefánsson trompetleikari og Jón Bjarnason píanóleikari koma fram. Á efnisskránni verða þekkt verk bæði íslensk og erlend m.a. Lindin eftir Eyþór Stefánsson og Úr fjarlægð eftir Karl O. Runólfsson, Panis Angelicus eftir César Franck og Summertime eftir Gershwin.



Kennara vantar til starfa í Flóaskóla



Flóaskóli auglýsir eftir umsjónarkennara í 5. bekk og kennara í hlutastarf í upplýsinga- og tækni- mennt skólaárið 2022 - 2023. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 118 nemendur í 1. - 10. bekk og rúmlega 30 starfsmenn.

Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi. Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, teymis- kennslu og öfluga stuðþjónustu. Við erum heilsueflandi grunnskóli og vinnum samkvæmt hug- myndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er skólinn þátttakandi í Grænfánaverkefniinu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari, uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf til kennslu
- Góð tölvukunnátta og færni í upplýsinga- og tækni- mennt
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af teymisvinnu í grunnskóla æskileg
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar“ er æskileg
- Áhugi á þróunarstarfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttar- félags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771-8342.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2022, ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst 2022. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.

Afhjúpun Egils



Margt var um manninn í miðbæ Selfoss þann 16. júní, þegar stytta af Agli Thorarensen, frumkvöðli og kaupfélagsstjóra, var afhjúpuð. Halla Gunnarsdóttir, myndhöggvari sá um styttusmíðina og stóð áhugamannafélagið Styttubandið fyrir uppsetningu styttunnar.

Lúðrasveit Selfoss setti athöfnina og í kjölfarið tók Karla-kór Selfoss nokkur lög. Guðni Ágústsson, Ólafur Ragnar Grímsson og nýkjörinn bæjarstjóri í Árborg, Fjola Kristinsdóttir fluttu ávörp. Að endingu söng Karla-kór Selfoss lagið hraustir menn ásamt Kristjáni Jóhannssyni óperusöngvara áður en Grímur Arnarson, langafabarn Egils sagði nokkur vel valin orð um langafa sinn og fylgdi svo 5 af yngstu afkomendum Egils að styttni, eða draugnum eins og börnin kölluðu hann fyrir afhjúpun.

Halla var því miður ekki viðstödd afhjúpunina en hún er

búsett í Lundúnum, þaðan sem hún fylgdist með afhjúpuninni í gegnum myndsímtal við vinkonu sína. „Þetta var mjög skemmtilegt ferli, ég vann útfrá ljósmyndum af honum og tók nokkra mánuði í undirbúningsvinnu þar sem ég sýndi Styttubandinu til lögu að verkinu, þeir voru með hugmyndir að því hvernig stytta ætti að líta út. Ég gerði litla styttnu og sýndi þeim og byrjaði svo þetta ferli en verkið var gert í Hampshire á Englandi.“

Egill stundaði verslunarnám í Danmörku 1912-14 og verslunarstörf 1915 og var til sjós tvö ár, ásamt námi við Stýrimannaskólann. Egill flutti að Sigtúnum við Ölfusárbrú 1918 og átti eftir að verða einn helsti áhrifa-maður í atvinnumálum og pólitík Selfyssinga og Suðurlands á síðustu öld. Hann starfrækti verslun að Sigtúnum til 1930, beitti sér þá fyrir stofnun kaupfélags, seldi verslun sína nýstofnuðu Kaupfélagi Árnesinga,

var kaupfélagsstjóri Kaupfélags Árnesinga og stjórnarformaður Mjólkurbús Flóamanna í þrjá áratugi, sat í mjólkursölunefnd, mjólkurverðlagsnefnd, beitti sér fyrir kaupum kaupfélagsins á Laugardælum og kom þar upp stórbúskap, beitti sér fyrir hafnargærð og útgerð í Þorlákshöfn, var formaður Meitilsins og sat í stjórn Mjólkursamsölnunar og stjórn Ost- og smjörölnunar, auk stjórnarsetu í öðrum fyrir-tækjum og félögum.

Eiginkona Egils var Kristín Daníelsdóttir og eignuðust þau fjögur börn, Grím, Erlu, Benedikt og Jónínu.

„Þetta er stórbrotinn dagur, þetta er búið að taka mörg ár að undirbúa. Sigtúnarnamenn hafa verið okkur góðir og ráðamenn Árborgar og náttúrulega allir þeir sem gáfu peninga til þess að þetta væri hægt. Egill var foringi að guðs náð,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Styttubandsins að lokum.

HGL

LYSTIGARÐURINN Í HVERAGERÐI

Aut í Blóma

30. JÚNÍ - 3. JÚLÍ

FÖSTUDAGURINN 1. JÚLÍ - Í TJALDINU
17:00 REYKJAVÍKURÐÆTUR
20:00 MAGNÚS OG JÓHANN ÁSAMT HLJÓMSVEIT
*** 22:15 ALEXANDER MIKLI OG FÉLAGAR**

LAUGARDAGUR 2. JÚLÍ
*** DAGSKRÁ Í LYSTIGARÐINUM**
13:00 BARNADAGSKRÁ
TÓNAFLJÓÐ • WALLY TRÚÐUR • ÍS FRÁ KJÓRÍS
15:00 SUÐURLANDSDJAZZ
.....
STÓRTÓNLEIKAR Í LYSTIGARÐINUM
20:00, SVÆÐIÐ OPNAR 18:00
STEBBI JAK • JÓN JÓNSSON • GUÐRÚN ÁRNÝ • UNNUR BIRNA • ÞÓRIR GEIR
ÁSAMT LANDSLIÐI HLJÓDFÆRALEIKARA
23:00 DANSLEIKUR Í TJALDINU
STEFÁN HILMARSSON • GUNNAR ÓLASON • ÞÓRIR GEIR
ÁSAMT SS KVARTETTINUM

A *STJÓRNUMERKTA VIÐBURÐI ER AÐGANGUR ÓKEYPIS
ANNARS ER MIÐSALA VIÐ AÐGANGINN OG Á TIX.IS

GRÖÐURHÚSIÐ THE GREENHOUSE KJÓRÍS BUNDELA GAMAFÉLAGIÐ Síminn tix.is

Jónsmessuganga á Þingvöllum

Guðni Ágústsson gengur sína árlegu Þingvallagöngu fimmtudagskvöldið 23. júní. Efnið í ár er saga listaskáldsins góða Jónasar Hallgrímssonar. Óttar Guðmundsson geðlæknir rýnir í sálarlíf skáldsins. Sólveig Arnarsdóttir leikkona les úr ljóðum Jónasar og Karlakór Kjalnesinga syngur ljóð skáldsins. Gangan hefst við upplýsingamiðstöðina á Hakinu kl. 20.00. Gengið



á Lögberg og að lokum að leiði Jónasar Hallgrímssonar að baki Þingvallakirkju. Gangan er gjaldfrí og allir velkomnir að taka þátt í göngunni.



Fimleikadeild Selfoss

Forskráning fyrir tímabilið 2022/2023 er hafin

Skráning fer fram á
www.sportabler.com/shop/umfs/fimleikar

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



SÍMI 482 1944 - SELFLOSS@PRENTMETODDI.IS - WWW.PRENTMETODDI.IS



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla](https://www.facebook.com/keyrsla)



Íþróttir

Fyrsta umferð Íslandsmeistaramótsins í motocross

MOTOCROSS Íslandsmeistaramótið í motocrossi hófst með formlegum hætti laugardaginn 11. júní. Mótið var haldið á vegum Motocrossklúbbs Snæfellsbæjar (MXS) og er brautin á milli Rífs og Ólafsvíkur. Rúmlega 70 keppendur voru skráðir til leiks. Ungmennafélag Selfoss átti sjö keppendur á mótinu og náðu fjórir þeirra á pall. Eric Máni Guðmundsson lenti 2. sæti í unglingaflokk og svo átti UMFS alla á palli í flokknum hobbý MX2 þar var Sindri Steinn Axelsson í fyrsta sæti, Sigurður Ásberg Sigurjónsson var í öðru sæti og Ólafur Magni Jónsson í þriðja sæti. Óskum við þeim öllum til hamingju með árangurinn. Næsta umferð er svo fram á Akranesi þann 25. júní næstkomandi.

Æfingar hjá UMFS er byrjaðar að fullum krafti og er æft 4 daga vikunnar og ennþá er hægt að bætast í hópinn. Allar upplýsingar er að finna á Facebook-síðu motocrossdeildarinnar.



Myndir: Katla Mjöll Gestsdóttir.



Elvar Þormarsson er íþróttamaður ársins í Rangárþingi eystra

Venju samkvæmt var Íþróttamaður ársins útnefndur á 17. júní hátíðinni á Hvolsvelli. Samkvæmt reglum um valið þurfa tilnefndir íþróttamenn að vera 15 ára eða eldri og hafa stundað íþrótt sína í sveitarfélaginu eða vera með lögheimili þar. 5 einstaklingar voru tilnefndir að þessu sinni, Andri

Már Óskarsson golf, Elvar Þormarsson hestaíþróttir, Ísak Guðnason bardagaíþróttir, Ívan Breki Sigurðsson knattspyrna og María Rósa Einarsdóttir blak. Elvar Þormarsson, knapi, er íþróttamaður ársins 2021 í Rangárþingi eystra. Elvar hefur staðið sig með mikilli þrýði í sinni íþrótt og er meðal annars

Íslandsmeistari í gæðingaskeiði 2021.

Elvar gat ekki verið viðstaddur en Elimar Elvarsson, sonur hans, tók við viðurkenningunni úr höndum Páls Eggertssonar formanns Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefndar.



Mynd: forseti.is

Drífa á Keldum og Guðni frá Þverlæk sæmd fálkaorðu

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sæmdi 17. júní, fjórtán Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Tveir Rangæingar hlutu riddarakross, þau Drífa Hjartardóttir, bóndi á Keldum á Rangárvöllum og fyrrverandi alþingis-

maður, fyrir sveitarstjórnarstörf og framlag til menningarmála í heimabyggð og Guðni Guðmundsson bóndi á Þverlæk fyrir framlag til umhverfisverndar og samfélagsþjónustu. Við óskum Drífu og Guðna innilega til hamingju.



Þroskaþjálfari/sérkennari óskast

Reykholtskóli Bláskógabyggð óskar eftir að ráða þroskaþjálfara/sérkennara til starfa í 100% stöðu.

Skólinn er fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru um 100 nemendur og þar starfa rúmlega 20 starfsmenn. Kjörorð skólans eru Virðing-Vellíðan-Samvinna. Skólinn er Grænánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnaþætti náms, fjölbreytta kennsluhætti og list- og verkgreinar.

Reykholtskóli er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við leikskólann Álfaborg í Reykholti, Bláskógaskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi og Flúðaskóla.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð samskipta- og samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð
- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi sem slíkur eða framhaldsmenntun í sérkennslufræðum

Verkefni og ábyrgðarsvið:

- Vinnur að menntun barns/barna með sérþarfir þar með talið að skipuleggja kennslu viðkomandi í samvinnu við umsjónarkennara
- Gerir skriflegar einstaklingsnámskrár fyrir það barn/ börn sem hann er með í stuðning í samstarfi við umsjónarkennara og aðstoðarskólalastjóra
- Starfar í teymi þess barns/barna sem hann er með í stuðning
- Er leiðbeinandi fyrir annað starfsfólk varðandi stuðning við nemendur með sérþarfir

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Starfið hentar einstaklingi óháð kyni.

Umsóknir sendist á Láru B. Jónsdóttur, skólalastjóra, sem veitir einnig nánari upplýsingar. Netfangið er lbj@reykholtskoli.is og símanúmerið 480 3020 .

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2022.



Velferðarþjónusta Árneshings í Laugarási

Óskar eftir starfsmanni við stuðningsþjónustu / félagslega heimaþjónustu.

Um er að ræða allt að 80% stöðu, viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Greitt er samkvæmt kjarasamningi Félags opinbera starfsmanna á Suðurlandi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Almenn þríf
- Aðstoð við persónulega umhirðu
- Veita félagslegan stuðning og hvatningu
- Vera vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustuþega
- Hreint sakavottorð

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt
- Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilisstörfum
- Að vera 20 ára eða eldri og hafa bíl til umráða.
- Mælst er til að viðkomandi geti talað íslensku

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Símonardóttir í síma 480 1180 eða sendið fyrirspurn í tölvupósti á sigrun@laugaras.is.

Uppsveitir Árneshýslu og Flóa, Heilsugæslan Laugarási, 801 Selfoss - Sími 480 1180 - www.arnesthing.is

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ

SELFLOSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNLA

Díddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tónna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.



Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Nýr aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu í BES

Nýr aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu hefja störf hjá Barnaskólunum á Eyrarbakka og Stokkseyri frá og með 1. ágúst 2022.

Ragna Berg Gunnarsdóttir hefur verið ráðin í starf aðstoðarskólastjóra Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri frá og með 1. ágúst 2022.

Ragna hefur starfað við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri frá 2017, fyrst sem umsjónarkennari en síðar við hin ýmsu störf meðfram um-

sjónarkennslu. Þar má nefna nemendabjónustu, afleysingu deildarstjóra stoðþjónustu og deildarstjóra unglingastígs. Áður hafði hún starfað sem umsjónar-, og listgreinakenndari við Hörðuvallaskóla, sem sjálfstætt starfandi dagforeldri, deildarstjóri á Kópavogshæli ásamt því að vera með sjálfstæðan rekstur.

Ragna hefur lokið B.ed í grunn-skólakennarafræðum frá Háskóla Íslands, M.A. í Mennta- og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst, viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu, viðbótardiplómu í stjórnun menntastofnanna og söngnámi frá Tónlistarskóla Garðabæjar, Tónlistarskóla Kópavogs og Söngskóla Reykjavíkur.

Inga Jóna Bragadóttir hefur verið ráðin í starf deildarstjóra stoðþjónustu við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri frá og með 1. ágúst 2022.



Ragna Berg Gunnarsdóttir.



Inga Jóna Bragadóttir.

Inga Jóna hefur starfað sem þroskajálfari við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri í eitt skólaár en áður starfaði hún á leikskólanum Fífusólum sem sérkennslustjóri. Þar skipulagði hún og hélt utan um einstaklingsmiðaðan stuðning og þjálfun fyrir börn sem þurftu á málörvun og félagsfærni þjálfun að halda, auk þess að skipuleggja og halda utan um börn sem áttu við kvíða eða hegðunarvandamál að stríða. Inga hefur lokið B.a. í þroskajálfun frá Háskóla Íslands.

Júbílantar komu færandi hendi

Afmælisárgangar komu færandi hendi á útskrifarátt ML þann 28. maí. Hefð er fyrir því að útskrifaðir ML-ingar júbíleri á fimm ára fresti og færa skólanum þá jafnan gjafir. Útskriftarárgangar þetta árið gáfu annars vegar fé til viðgerða á skólaspjöldum sem hafa dofnað með tímanum og hins vegar til kaupa á tækjum og tólum sem skólinn mun nýta í nýju tækni-rymi sem til stendur að taka í gagnið á vorönn 2023. Um verður að ræða list- og verkgreinastofu sem verður í gömlu Brytaibúðinni í austurenda aðalbyggingar skólans.

Fulltrúi júbílanta, 20 ára stúdent Þorkell Snæbjörnsson, gerði



grein fyrir gjöfum þeim sem bárust frá árgöngunum. Honum láðist þó að minnast á framlag 60 ára stúdenta og vill koma formlegri afsökunarbeiðni á framfæri vegna þess, hér og nú.

Menntaskólinn að Laugarvatni og starfsfólk hans þakkar hjartanlega fyrir þær góðu gjafir er honum voru færðar og ekki síður þá vináttu, trygð og velvild er honum er auðsýnd af nemendasamfélaginu.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför yndislegs eiginmanns míns og besta vinar, föður, tengdafaður, afa og langafa



Runólfs Haraldssonar,
fyrirverandi bónda á Syðri-Rauðalæk,
síðar til heimilis á Birkivöllum 28

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki heimahjúkrunar, bráðamóttöku og lyflækningadeildar HSU. Einnig þökkum við félögum í ljósmyndaklúbbnum Blik fyrir frábæran stuðning í gegnum tíðina.

Elsie Júníusdóttir

Sigríður Runólfssdóttir Valgeir Harðarson

Valgerður Lára Runólfssdóttir

Ólafía Ósk Runólfssdóttir Þórir Bjartmar Harðarson og fjölskyldur

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:
„Frístundamiðstöð í Árborg, 1. áfangi“

Verkið felst í byggingu á 1. áfanga af þremur sem samanstendur af byggingu og tengibyggingu frístundamiðstöðvar í Árborg við Langholt, Selfossi auk verkfræðihönnunar hússins. Frístundamiðstöðin hýsir ýmiss konar kennslu- og samkomurými á vegum frístundastarfs Árborgar, s.s. smíðaverkstæði, kennslueldhús, listasmiðju, aðstöðu skáta o.fl. Húsið er steyppt, á tveimur hæðum með léttbyggðu, einhalla þaki, einangrað og klætt að utan með báruáli og viðarklæðningu. Gluggar eru ál-/trégluggar með útihurðum úr áli. Innveggir eru hefðbundnir gipsplötuveggir á blikkstöðum og glerveggir. Hurðir eru harðplastklæddar. Gólf eru klædd vínýlflisum og vínýldúk. Kerfisloft eru úr steinullarplötum. Veggir eru málaðir. Ein lyfta er í húsinu. Bygging frístundamiðstöðvarinnar er um 1.102 m² brúttó og tengibyggingin er um 252 m² brúttó.

Helstu magnþölur:

Jarðvegsfyllingar	2.350 m ³
Steinsteypa.....	363 m ³
Járnbending	31.300 kg
Þakvirki	887 m ²
Báruálklæðning.....	518 m ²
Viðarklæðning.....	340 m ²
Ál-/trégluggar	165 m ²
Gipsveggir og gipsplötuklæðningar	716 m ²
Vínýlfisar og -dúkar	1.060 m ²
Innihurðir	126 stykki
Kerfisloft.....	971 m ²
Málun	4.738 m ²

Bent er á að bjóðendur skulu leitast við að velja vistvæn efni sem uppfylla kröfur um Svansvottun.

Verkinu skal að fullu lokið 30. maí 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/>

DirectLink/4a410bd7-9bbe-4199-9ed4-9aa60be89e3c

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 miðvikudaginn 17. ágúst 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

REKSTRARSTJÓRI

LAVA CENTRE Á HVOLSVELLI LEITAR AÐ ÖFLUGUM REKSTRARSTJÓRA

STARFSSVIÐ:

Helstu störf rekstrarstjóra eru daglegt utanumhald um rekstur og skipulag. Rekstrarstjóri sér um starfsmannahald og ráðningar, skipulag og utanumhald á vinnutíma starfsmanna, skipulag þrifa, tilboðsgerð til birgja, uppgjör og bókhald ásamt bókara. Rekstrarstjóri ber einnig ábyrgð á daglegri umsjón Rammagerðarinnar og rekstri sameignar í húsinu.

» Miklir möguleikar til að vaxa í starfi með hratt vaxandi fyrirtæki með mikil tækifæri í frekari uppbyggingu og rekstri hússins.

HÆFNISKRÖFUR:

- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og góðir skipulagshæfileikar.
- Þekking á ferðaþjónustu
- Gott vald á ensku og/eða öðrum erlendum tungumálum.
- Reynsla af starfsmannahaldi og rekstri.
- Góð tölvukunnátta og þekking á bókhaldskerfum.
- Áhugi á jarðfræði og náttúru Íslands.

Áhugasamir hafi samband með því að senda umsóknarbréf starfsferilskrá í tölvupósti á info@lavacentre.is eða á alfred.is. Stefnt er að því að ráða í stöðuna sem fyrst og kostur ef starfsmaður getur hafið störf í sumar.

Tekið við umsóknum til 1. júlí.

Jónsmessuhátíð Eyrarbakka 2022



Jónsmessubrenna 2021.

Nú er sumarið komið með alla sína gleði og tilhlökkun þar sem það eru engar samkomutakmarkanir í auglýs. Helgina 24.-25. júní nk. verður haldin hin árlega Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka. Vegna samkomutakmarkana í fyrra var tímasetningu brennunar flýtt til kl. 20:00 og skapaðist skemmtileg fjölskyldustemning í kring-

um brennuna í fjörunni. Svo mikil var ánægja fjölskyldufólks með breytinguna að ákveðið var að halda í tímasetninguna og mun því brennan hefjast kl. 20:15 á laugardagskvöldinu. Brennustjóri hátíðarinnar í ár er engin annar en eldgleypirinn Andri Geir Jónsson og mun sjá til þess að ungir sem aldnir muni skemmta sér konunglega

á Brennunni. Trúbadorinn Ármann Magnús Ármannsson mun halda uppi stuðinu þar til síðustu logarnir slokna og mannskapurinn heldur heim á leið eða á Rauðahúsið fram á rauða nótt.

Að sjálfsögðu verður fjölbreytt fjölskyldudagskrá þessa daga sem hefst á föstudaginn kl. 16:00 með hjóleiðaskoðun Slysavarnardeildarinnar Bjargar og Lögreglunar við Garðstún og í beinu framhaldi verður hinn árlegi Jónsmessubolti og að þessu sinni verður keppt í kíló. Markmið hátíðarinnar hefur alltaf verið að gleða unga sem aldna án þess að fólk þurfi sífellt að taka upp veskið. Fjölskyldudagskráin er við Garðstún og söfnin á Eyrarbakka á laugardaginn frá kl. 12-15 og nær hámarki þegar Sprite Zero Klan tryllir liðinn í garðinum við Húsið. Dagskrána má finna inn á arborg.is, facebook- og/eða instagramsíðu jónsmessuhátíðarinnar.

Stuðningur við flóttafólk frá Úkraínu

Samband sunnlenskra kvenna shélt ársþing sitt á Selfossi 30. apríl. Á þingið komu meðal annars tveir sjálfboðaliðar, Guðmunda Björnsdóttir Stackhouse og Anna Dymaretska. Anna er frá Úkraínu en hefur dvalið hér um árabil. Þær ræddu neyð flóttafólks frá Úkraínu sem kemur hingað til Íslands alls-laust. Þetta fólk vantar allt sem þarf til að geta uppfyllt grunnþarfir daglegs lífs áður en það er komið í varanlegt úrræði. Guðmunda og Anna reifuðu þá hugmynd að konur tæku sig saman og gæfu brýnustu nauðsynjar til flóttafólksins. Þær höfðu látið útbúa taupoka með áföstum lista yfir nauðsynjavöru fyrir konur, karlmenn og börn ásamt upplýsingum á úkraínsku. Pokunum væri svo komið til fólksins strax

við komuna til landsins. Þær Anna og Guðmunda fengu mjög jákvæðar undirtektir við þetta verkefni. Þær dreifðu til fundargesta 100 pokum, sem átti að setja í tilskildar nauðpurftir og skila á ákveðið heimilisfang.

Verkefnið hefur gengið vel og hafa kvenfélagskonur í Árnes- og Rangárvallasýslum skilað um 150 pokum sem hafa farið til flóttafólks frá Úkraínu. Enn er mikil þörf fyrir aðstoð þar sem yfir 1100 manns hafa þegar komið til landsins frá Úkraínu, aðallega konur og börn. Kvenfélagskonur hvetja fleiri einstaklinga og félagasamtök til þess að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni.

Sigríður Guðmundsdóttir og Guðrún Þóranna Jónsdóttir, Kvenfélagi Selfoss



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvik Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HREINGERINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fleint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiibbii
Siggaferðir
- Flutningapjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsöllum
Sími 772 6010